

**16. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 16. apríl 2024
og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Kristinn Hilmar Marinósson (KHM), Hjalti Þór Heiðarsson (HPH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, formaður

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2039 - 1809041

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2019-2039. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 10. apríl 2024. Fyrir liggur greinargerð, umhverfisskýrsla og forsendur dagsett í nóvember og sveitarfélagsuppdráttur, þéttbýlisuppdráttur af Tálknafirði en leiðrétt mt.t.t. athugasemda Skipulagsstofnunar í mars 2024. Til viðbótar liggur fyrir samantekt við innsendum athugasemdum og umsögnum sem bárust við tillöguna.

Kristinn Marinósson lýsti sig vanhæfan varðandi athugasemd sem barst frá Tungusilungi og vék af fundi á meðan sú athugasemd var tekin fyrir.

Með vísan til 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 leggur skipulagsnefnd til við sveitarstjórn að aðalskipulagið verði samþykkt og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna, ásamt athugasemdum um tillöguna og svörum skipulagsnefndar.

Samþykkt

2. Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði - 2110138

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi stofnana- og íþróttasvæðis á Tálknafirði. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 12. apríl 2024. Engar athugasemdir bárust frá almenningi en fyrir liggja umsagnir frá Orkubúi Vestfjarða, slökkviliði Vesturbyggðar og Tálknafjarðar, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Minjastofnun Íslands. Umsagnir leiddu ekki til breytinga á skipulagsgögnum fyrir utan umsögn Minjastofnunar en skráning fornminja liggur ekki fyrir. Senda þarf því tillöguna aftur til Minjastofnunar til umsagnar þegar skráningin liggur fyrir. Einnig verður bætt við lóð fyrir spennistöð sem er með skilgreinda byggingarreit.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði afgreidd skv. 1. mgr. 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um jákvæða umsögn Minjastofnunar.

Samþykkt

Þar sem þetta er síðasti fundur skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps þá þakkar formaður skipulagsnefnd fyrir gott starf á tímabilinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:15.

16. fundur
24.04.2024

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Kristinn Hilmar Marinósson (KHM)

Hjalti Þór Heiðarsson (HPH)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)